

Nd.

184. Rökstudd dagskrá

samþykkt í Nd. 18. júlí.

Frá allsherjarnefnd.

(Frv. til laga um sameining Dalasýslu og Strandasýslu á þgskj. 22).

Með því að eigi hefir verið leitað álits sýslunefnda Dalasýslu og Strandasýslu um frumvarp til laga um sameiningu sýslna þessara, telur deildin ekki rjett að því verði ráðið til lykta að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.